



Fasteignagrunnur

Landsbankinn hf. | Nr. 1502-06 | Nóvember 2019

Fasteignagrunnur - verðtryggður

Stofnun

- » Verðtryggður Fasteignagrunnur er ætlaður einstaklingum á aldrinum 15-35 ára.
- » Ekki er hægt að leggja inn á reikninginn eftir að 38 ára aldri er náð.
- » Hver einstaklingur getur aðeins stofnað einn verðtryggðan Fasteignagrunn.

Binditími

- » Innstæða er bundin að lágmarki í 36 mánuði.
- » Innstæða losnar í 1 mánuð að loknum upphaflegum 36 mánaða binditíma. Að innlausnartímabili loknu binst innstæðan á ný og verður frá því uppsegjanleg með þriggja mánaða fyrirvara. Binditímabil innborgaðs fjár eftir að umsamið binditímabil hefst telst frá innborgunardegi, sbr. 1. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár nr. 877/2018, sbr. reglur nr. 109/2019.

Ávöxtun

- » Innborganir bera vexti frá og með næsta degi eftir að fjármunirnir eru lagðir inn. Dagurinn fyrir úttekt er síðasti vaxtadagur úttekinnar fjárhæðar.
- » Verðbætur eru færðar í lok hvers mánaðar og bindast eins og binditími reikningsins kveður á um.

Aðrir skilmálar

- » Að öðru leyti gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans*.

Fasteignagrunnur - óverðtryggður

Stofnun

- » Óverðtryggður Fasteignagrunnur er ætlaður einstaklingum á aldrinum 15-35 ára.
- » Ekki er hægt að leggja inn á reikninginn eftir að 35 ára aldri er náð.
- » Hver einstaklingur getur aðeins stofnað einn óverðtryggðan Fasteignagrunn.

Binditími

- » Óverðtryggður Fasteignagrunnur er bundinn að lágmarki í 12 mánuði frá fyrstu innborgun.
- » Ef reikningseigandi er ófjárráða er reikningurinn bundinn til 18 ára aldurs reikningseiganda, þó að lágmarki í 12 mánuði frá fyrstu innborgun.

Ávöxtun

- » Innborganir bera vexti frá og með næsta degi eftir að fjármunirnir eru lagðir inn. Dagurinn fyrir úttekt er síðasti vaxtadagur úttekinnar fjárhæðar.

Aðrir skilmálar

- » Að öðru leyti gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Landsbankans*.